



## Sýslumaðurinn á Vestfjörðum

### Sumarafleysingar á Patreksfirði

Laus er til umsóknar staða sumarafleysingarmanns á skrifstofu embættis Sýslumannsins á Vestfjörðum á Patreksfirði. Um er að ræða starf til um þriggja mánaða.

Helstu verkefni eru afgreiðsla, almenn skrifstofu- og ritarastörf, vinna við innheimtu gjalda og önnur tilfallandi verkefni sem embættið annast. Sjá má upplýsingar um helstu verkefni embættisins á vef sýslumanna, [www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is).

Óskað er eftir skipulögðum einstaklingi sem býr yfir góðri almennri tölvu- og íslenskukunnáttu. Nauðsynlegt er að umsækjandi sé jákvæður, þjónustulundaður, eigi gott með samskipti og geti unnið undir álagi. Æskilegt væri að viðkomandi gæti hafið störf um eða upp úr miðjum maí.

Starfskjör fara eftir kjarasamningi ríkisins og SFR - Stéttarfélagi í almannathjónustu.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um.

Frekari upplýsingar veitir Helga Dóra Kristjánsdóttir, starfsmannastjóri, netfang [hdk@syslumenn.is](mailto:hdk@syslumenn.is), s. 458 2400.

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu berast embættinu í síðasta lagi 1. maí nk. annað hvort með pósti eða í ofangreint netfang.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Embætti sýslumannsins á Vestfjörðum var stofnað við sameiningu fjögurra embætta sýslumanna á Vestfjörðum 1. janúar 2015 og er starfssvæði þess allir Vestfirðir. Starfsmenn eru 20 í 17,4 stöðugildum og skrifstofur þrjár.

Ísafirði, 6. apríl 2018.  
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum  
Jónas Guðmundsson.